

## GJALDSKRÁ

### fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Stykkishólmsbæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Stykkishólmsbæ skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 1477/2020 um fráveitur í Stykkishólmsbæ.

#### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

|                     |   |
|---------------------|---|
| Fyrir einbýlishús   | 61.590 kr. á hvert hús  |
| Fyrir fjölbýlishús  | 20.526 kr. á hverja íbúð  |
| Fyrir annað húsnæði | 47,13 kr. á hvern fermetra í húsnæðinu að 4.000 fermetrum<br>24,16 kr. á hvern fermetra umfram 4.000 fermetra |

Ef um tvöfalt frárenniskerfi er að ræða skulu ofangreindar fjárhæðir margfaldaðar með tveimur.

#### 3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,17% af álagningarstofni íbúðarhúsnæðis og 0,20% af álagningarstofni atvinnuhúsnæðis. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal árlega vera eftirfarandi:

| Stærð í lítrum       | kr.                      |
|----------------------|--------------------------|
| 0-2.000              | 8.527                    |
| 2.001-4.000          | 10.700                   |
| 4.001-6.000          | 12.179                   |
| 6.001-8.000          | 15.054                   |
| 8.001-10.000         | 19.904                   |
| Rotþró stærri 10.000 | 5.688 pr. umframrúmmetra |

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.392

#### 5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar 9. desember 2021 staðfestist hér með samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1477/2020.

*Stykkishólmi, 13. desember 2021.*

**Jakob Björgvin Jakobsson** bæjarstjóri.